

Orkustofnun
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík.

Reykjavík, 30. desember 2020
Málsnúmer: USK2020120026

Vísað er í þrjú bréf Orkustofnunar, öll dagsett 7. desember 2020, þar sem óskað er eftir umsögn Reykjavíkurborgar um umsóknir Björgunar ehf. um leyfi til efnistöku af hafsbotni á þremur skilgreindum svæðum í Kollafirði, Faxaflóa: við Engey, í Saltvík og í Þerneyjarsundi.

Reykjavíkurborg er ekki lögbundinn umsagnaraðili enda liggja áætluð efnistökusvæði utan netlaga. Svæðin eru þó í öllum tilfellum mjög nálægt landi sem tilheyrir og er að hluta til í eigu Reykjavíkurborgar. Því er eðlilegt að leitað sé umsagnar hjá borginni. Umhverfis- og skipulagssvið vinnur umsögnina fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Unnin er ein sameiginleg umsögn um umsóknirnar þrjár.

Reykjavíkurborg hefur áður veitt umsagnir um leyfisveitingar og ákvarðanir tengdar efnistöku Björgunar í Kollafirði. Þar má nefna umsögn til Orkustofnunar um leit og rannsóknir Björgunar á möl og sandi á hafsbotni (umsögn frá 14.8.2018) og til Skipulagsstofnunar vegna fyrirspurnar um matsskyldu efnistöku þeirrar sem fjallað er um í þessari umsögn (umsögn um matsskyldu 6.4.2020). Vísað er í þessar fyrri umsagnir eins og við á.

Skipulagsstofnun veitti álit sitt um matskyldu efnistökkunnar þann 9. júní 2020 og taldi að ekki væri ástæða til að framkvæmd efnistökkunnar færi í mat á umhverfisáhrifum. Er því enn í gildi mat á umhverfisáhrifum frá 2008. Umhverfis- og skipulagssvið vill árétta að í umsögn sinni um matskylduna var það mat Reykjavíkurborgar að æskilegt væri að áætluð efnistaka færi í mat á umhverfisáhrifum og niðurstaða Skipulagsstofnunar því á skjön við álit Reykjavíkurborgar.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

Almennt um efnistökkuna

Áætluð efnistaka Björgunar ehf. er staðsett á þremur svæðum í Kollafirði – við Engey, í Saltvík og í Þerneyjarsundi. Um er að ræða efnistökusvæði sem hafa verið notuð í langan tíma og eru áform um að halda áfram efnistöku úr þeim námum sem þar eru fyrir (alls fimm sjálfstæðar námur, þar sem þrjár námur eru í Þerneyjarsundi) en einnig að stækka námurnar við Engey og í Þerneyjarsundi. Það er jákvætt að mati Reykjavíkurborgar að efnistökusvæðum sé fækkað og að ekki séu áform um ný efnistökusvæði í Kollafirði. Nú þegar hefur allstórum hluta af botni Kollafjarðar verið raskað vegna efnistöku síðustu áratuga og mikilvægt að mati Reykjavíkurborgar að hlífa óröskuðum svæðum.

Þótt áformuð efnistaka sé nú á færri svæðum en áður er engu að síður um mikið magn af efni sem áætlað er að taka, eða allt að 3,6 milljón rúmmetra á 20 ára tímabili. Það er athyglisvert að í sumum námum hefur hingað til mun minna magn verið tekið en leyfi hefur verið veitt fyrir og því vekur það upp spurningar að sótt sé um leyfi fyrir svo miklu magni.

Efnistaka malar- og sands úr sjó er mikilvæg uppspretta hráefnis fyrir margvíslega notkun í mannvirkjagerð á landi. Með efnistöku í sjó er dregið úr ásókn í efnistöku á landi, sem hefur mun sýnilegri umhverfisáhrif. Þá er möguleiki að flytja efni mun styttri vegalengdir og draga þar með úr neikvæðum áhrifum þungaflutninga. Það síðastnefnda á sérstaklega við um Björgun ehf. sem hefur haft aðstöðu á hafnarsvæði í miðri Reykjavík og því lítill þörf fyrir flutninga á landi. Það eru því tvímælalaust kostir og jákvæð umhverfisáhrif af starfsemi ef hinn kosturinn við að uppfylla efnisþörf væri að nýta námur á landi með tilheyrandi raski á jarðvegi og gróðri og neikvæðum

ásýndaráhrifum á landslag og að keyra síðan efnið langar vegalengdir með tilheyrandi útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Umhverfisáhrif efnistökkunnar

Að því sögðu eru neikvæð umhverfisáhrif af efnistöku í sjó, þau eru ágætlega þekkt og geta verið töluverð. Fjallað er um helstu umhverfisáhrif af efnistöku Björgunar ehf. í Kollafirði í matskýrslunni frá 2008 en þar er m.a. greint frá mögulegum áhrifum á jarðmyndanir, sem og lífríki sér í lagi botndýr og nytjastofna. Bæði er fjallað um bein áhrif á lífríki vegna búsvæðaröskunar og áhrifum frá gruggmengun. Einnig er fjallað um möguleg áhrif efnistöku á strauma og öldufar og þar með á strandrof á nálægum svæðum. Þá er fjallað um áhrif á mannvirki og skipulag en ýmis áform hafa lengi staðið til á svæðinu, þar eru áform um Sundabraut mest að umfangi.

Áhrif á lífríki

Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar frá 2008 kemur fram að áhrif á lífríki séu metin lítil þar sem áhrif af gruggmengun séu staðbundin og að mestu afturkræf og þeir sjávarhryggleysingar sem verði fyrir óafturkræfri búsvæðaröskun á sjálfum námusvæðunum, séu algengar tegundir og um sé að ræða fábreytt lífverusamfélög. Þó er bent á að óvissa sé um þekkingu á botndýralífi svæðisins og t.d. um hvort malarhjallarnir sem eru uppistaða efnistökusvæða séu stór hluti heildarútbreiðslu þeirra í Faxaflóa og þar með mögulega mikilvægir fyrir þær tegundir botndýra sem þar finnast. Ekki hafa farið fram nýjar rannsóknir á botndýralífi við efnistökusvæði Björgunar ehf. í Kollafirði síðan umhverfismatið var unnið en rannsóknir hafa farið fram á öðrum svæðum í Kollafirði t.d. vegna landfyllinga. Þær sem og eldri rannsóknir við efnistökusvæði hafa sýnt fram á fábreytni botndýrasamfélaga. Að mati Reykjavíkurborgar er slæmt að ekki hafi verið farið í nýrri athuganir á botndýralífi og einnig vantar þekkingu á umfangi og eðli endurheimtar botndýrasamfélaga á efnistökusvæðum sem ekki eru lengur í notkun.

Í matskýrslunni frá 2008 er greint frá því að efnistökusvæðin séu ekki metin mikilvæg uppeldissvæði fyrir nytjafiska. Hins vegar hefur ekki verið lagt mat á hversu mikilvæg botndýrasamfélögin sem verða fyrir skerðingu séu fyrir fæðuöflun nytjafiska í Kollafirði. Áhrif á sjófugla og sjávarspendýr hafa ekki verið skoðuð sérstaklega þó full ástæða sé til, sérstaklega varðandi fugla þar sem margar mikilvægar sjófuglabyggðir eru í Kollafirði t.d. æðarvörp og lundabyggðir.

Í Kollafirði eru mikilvæg búsvæði lífvera, þar eru uppeldis- og fæðuöflunarsvæði sjófugla, sjávarspendýra og fiska sem og búsvæði ýmissa sjávarhryggleysingja sem eru einnig mikilvæg fæða fyrir stærri dýr. Þar eru allmörg verndarsvæði, einkum eyjar og fjörusvæði, sum friðlýst. Náttúrufræðistofnun Íslands tilgreinir þrjú mikilvæg fuglasvæði í og við Kollafjörð. Þessi mikilvægu náttúrusvæði og lífverunnar sem þar búa þurfa að þola margvíslegt álag vegna mikillar nálægðar við þéttbýli og þeirrar starfsemi sem þar fer fram, þar með talið starfsemi á sjó- og strandsvæðum eins og siglingar og efnistöku. Það þarf því að mati Reykjavíkurborgar að vakta svæðin og meta allar ákvarðanir sem geta valdið raski eða neikvæðum áhrifum út frá stöðu og verndargildis vistkerfa og lífvera. Þá þarf að skoða Kollafjarðarsvæðið sem eina heild en ekki einungis einblína á áhrif einstakra staðbundinna framkvæmda eða athafna. Reykjavíkurborg leggur til við Orkustofnun að í leyfi til Björgunar ehf. séu sett skilyrði um reglulega vöktun á lífríki við efnistökusvæði og að einnig sé lagt mat á árangur og eðli endurheimtar lífverusamfélaga á efnistökusvæðum sem ekki eru lengur í notkun.

Áhrif á strauma, öldufar og strandrof

Lengi hefur verið bent á að umfangsmikil efnistaka úr sjó geti breytt staðbundnum hafstraumum og öldufari og það mögulega leitt til aukins strandrofs. Með hækkandi sjávarmáli vegna áhrifa loftslagsbreytinga geta slík áhrif orðið veigameiri á svæðum sem eru viðkvæm fyrir strandrofi. Í Kollafirði hafa svæði á Kjalarnesi einkum verið nefnd í því sambandi t.d nálægt Saltvíkurnámunni. Það er því jákvætt að gögn sem meta möguleg áhrif efnistöku á öldufar hafa verið uppfærð nýlega en Vegagerðin gerði sérstaka úttekt fyrir Björgum ehf. sem birt var í sumar. Þar kemur fram að á áhrifasvæðum nálægt öllum þremur efnistökusvæðum er ekki gert ráð fyrir að breytingar á ölduhæð verði meiri en viðmiðunarmörk telja ásættanlegt og því líklegt að áhrif á landbrot verði óveruleg.

Mikilvægt er að mati Reykjavíkurborgar að áhrif á strandrof verði vöktuð reglulega og uppfærð með tilliti til breytinga á aðstæðum hvort sem er staðbundnum eftir því sem efnistöku vindur fram eða á veðurfari og straumum eftir því sem þörf þykir. Æskilegt væri að gera kröfur um reglulega vöktun á öldufari og strandrofi nálægt efnistökunámum, og skilgreina þær í leyfinu. Einnig er mikilvægt að í leyfisveitingu séu settir fyrirvarar um að ef sýnt verði fram á í framtíðinni að skýr tengsl séu milli efnistöku og óásættanlegs strandrofs að þá sé mögulegt að afturkalla eða breyta leyfi.

Almennt um efnistöku í Kollafirði

Eins og áður sagði óskaði Reykjavíkurborg þess í umsögn sinni til Skipulagsstofnunar að mat á umhverfisáhrifum yrði endurgert fyrir efnistökuáform Björgunar ehf. í Kollafirði. Það er ekki síst vegna þess að þörf er að mati Reykjavíkurborgar á heildstæðu mati á langtímaáhrifum efnistöku á vistkerfi Kollafjarðar. Kollafjörður er ekki stór fjörður og um árabíl hefur hann verið þungamiðja efnistöku af botni. Lagt hefur verið mat á verndargildi einstakra lífverusamfélaga í og við einstakar námur en ekki hefur verið skoðað heildstætt hvort og hvernig vistkerfi svæðisins hafa orðið fyrir áhrifum vegna efnistöku, ekki bara Björgunar ehf. heldur einnig fleiri aðila t.d. Faxaflóahafna vegna dýpkunar innsiglingar- og athafnasvæða. Erfitt getur reynst að meta áhrif löngu liðinna atburða en tilefni væri til að hefja heildstæða vöktun þar sem sérstaklega væri skoðað áhrif efnistöku á lífríki á botni og strandsvæðum í Kollafirði. Það væri mjög gagnlegt og mikilvægt að mati Reykjavíkurborgar að koma á slíkri athugun og er borgin að sjálfsögðu tilbúin að leggja lið sitt í að koma slíku á í samstarfi við aðra ábyrgðaraðila.

Einnig er mikilvægt að mati borgarinnar að stefnt sé að strandskipulagi við sunnanverðan Faxaflóa samkvæmt ákvæðum nýrra laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018, enda fá strand- og grunnsævisvæði eins mikið breytingum háð og undir töluverðu umhverfisálagi. Þar væri hægt að móta stefnu um skynsamlegt umfang, eðli og staðsetningar efnistöku í sjó til framtíðar og leggja mat á samspil við áhrif loftslagsbreytinga, framtíðaráforma í skipulagi t.d. tengt siglingum, samgöngumannvirkjum o.fl. Á næstu áratugum má búast við margvíslegum breytingum og áskorunum t.d. tengt hækkandi sjávarstöðu.

Í ljósi þess að ekki er stefnt að nýju mati á umhverfisáhrifum fyrir þessa leyfisveitingu, að ekki er að svo stöddu til staðar heildstætt strandskipulag og þar sem ástæða er til að bæta þekkingu á vistfræði Kollafjarðar með frekari vöktun og öðrum rannsóknum, telur Reykjavíkurborg að heppilegra væri að veita leyfi til efnistöku í styttri tíma en sótt er um. Þrjátíu ár er afar langur tími og full ástæða er til að endurmeta stöðu á t.d. umhverfisáhrifum fyrr t.d. eftir tíu ár sem og skoða mögulegar skipulagsbreytingar á svæðinu (t.d. náttúruverndaráform, mannvirkjagerð, hafnarstarfsemi o.fl.) sem gætu ef til vill haft áhrif á möguleika til efnistöku. Jafnframt, eins og áður hefur komið fram, mælir



Reykjavíkurborg með að í leyfinu verði tilgreindar kröfur um reglulega vöktun á helstu umhverfisáhrifum efnistökkunnar, sérstaklega áhrif á botndýralíf og strandrof.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur,
Snorri Sigurðsson, skrifstofu umhverfisgæða.

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. desember 2020
Tilvísun: OS2020060042/50.4.3
Verknúmer: 3340300

Efni: Beiðni um umsögn um umsókn Björgunar ehf. um leyfi til efnistöku af hafsbotni utan netlaga við Engey í Kollafirði

Þann 22. júní 2020 sótti Björgun ehf. um leyfi til efnistöku af hafsbotni utan netlaga á skilgreindu svæði við Engey í Kollafirði, Faxaflóa, með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins (hafsbotnslög). Björgun hefur unnið efni úr námu austan við Engey um árabil, sbr. leyfi Orkustofnunar dags. 3. nóvember 2009 (leyfi OS-2009-L018-01). Rannsóknir fyrirtækisins á lausum jarðefnum í Kollafirði árið 2019 sýndu fram á að umtalsvert meira efnismagn er að finna austan Engeyjar en áður var talið. Orkustofnun veitti Björgun ehf. þann 4. júní 2020 leyfi til 10 ára til frekari efnistöku innan fyrra námusvæðis (leyfi OS-2020-L002-01), að fenginni þeirri ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 22. nóvember 2019, að aukningin væri ekki matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Björgun sækir nú um frekari efnistöku, að hluta til utan við fyrra efnistökusvæði. Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu þann 9. júní 2020, að breytt mörk efnistökusvæðis og aukið umfang efnistöku við Engey væru ekki matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Orkustofnun staðfesti móttöku umsóknarinnar með bréfi dags. 22. október 2020 en gerði nokkrar athugasemdir við umsóknina. Var þess farið á leit við fyrirtækið að það sendi inn nýja uppfærða umsókn með þeim úrbótum sem tilgreindar voru í bréfinu. Eftir nokkur samskipti milli aðila sendi Björgun ehf. inn nýja heildstæða umsókn þann 30. nóvember 2020.

Með uppfærðri umsókn bárust Orkustofnun sjö fylgiskjöl:

- (1) Samantekt um helstu rannsóknarniðurstöður um laus jarðefni í Kollafirði
- (2) Ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 22. nóvember 2019, um matsskyldu frekari efnistöku í Engeyjarnámu
- (3) Greinargerð Vegagerðarinnar um öldufar og mat á hættu á landbroti vegna efnistöku af hafsbotni í Kollafirði
- (4) Ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 9. júní 2020, um matsskyldu breytinga á efnistökusvæðum Björgunar í Kollafirði
- (5) Hnit og kort af umsóttu efnistökusvæði við Engey
- (6) Matsskýrsla vegna efnistöku af hafsbotni í Kollafirði, Faxaflóa frá október 2008
- (7) Kort af útbreiðslu setlaga samkvæmt fjölgeislamælingum í Kollafirði.

Orkustofnun bendir á að í svo uppfærðri umsókn hefur svæðisafmörkun verið breytt lítillega frá því sem var við umfjöllun Skipulagsstofnunar um matsskyldu breytinga á efnistökusvæðum í Kollafirði, að ósk Orkustofnunar. Ástæða þessa er að stofnunin taldi að svo óregluleg svæðisafmörkun gæti ekki staðið sem leyfissvæði til efnistöku skv. hafsbotnslögum þar sem ut anumhald og eftirlit með staðsetningu efnistöku hverju sinni yrði óframkvæmanlegt. Orkustofnun kom þessari athugasemd á framfæri við Skipulagsstofnun í matsskylduferli. Umsótt efnismagn er í samræmi við umfjöllun Skipulagsstofnunar og lítur Orkustofnun því svo á að umsókn Björgunar sé innan þeirra marka sem ákvörðun Skipulagsstofnunar kveður á um.

Orkustofnun hefur farið yfir svo uppfærða umsókn Björgunar ehf. og telur hana uppfylla viðmið og kröfur um áframhald máls.

Enda þótt Reykjavíkurborg sé hvorki lögbundinn umsagnaraðili né aðili máls, telur Orkustofnun rétt að gefa sveitarfélaginu kost á að veita umsögn um meðfylgjandi erindi m.t.t. hlutverks þess.

Óskað er eftir því að umsögnin berist Orkustofnun eigi síðar en fimmtudaginn 31. desember 2020. Berist umsögn ekki innan tilskilins frests lítur stofnunin svo á að athugasemdir séu ekki gerðar við umsóknina.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur

Meðfylgjandi:

Umsókn Björgunar ehf.
Aðgengi að fylgiskjöllum veitt með tölvupósti til umsagnaraðila

Afrit: Björgun ehf.

Umsagnaraðilar:

- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Hafrannsóknastofnun
- Samgöngustofa
- Fiskistofa
- Reykjavíkurborg
- Faxaflóahafnir
- Veitur ehf.

Orkustofnun
b.t. Kristjáns Geirssonar, verkefnisstjóra
Orkugarði, Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 2020

Uppfært skjal 30. nóvember 2020

Efni: Umsókn um leyfi til efnistöku af hafsbotni við Engey í Kollafirði

I. Inngangur

Umbjóðandi minn, Björgun ehf. („**Björgun**“), óskar hér með eftir leyfi til efnistöku af hafsbotni við Engey í Kollafirði, Faxaflóa, með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins.

II. Forsaga leyfisumsóknar

Björgun hefur sótt malarefni af hafsbotni við Engey allt frá árinu 1987 og námurnar þar hafa verið meðal mikilvægustu framkvæmdasvæða félagsins í Kollafirði. Tilgangur efnistökkunnar hefur einkum verið sá að afla hráefnis til vinnslu á fylliefnum í steypu og malbik. Efnistakan er gerð með holudælingu frá sérstökum dæluskipum.

Með leyfi Orkustofnunar frá 3. nóvember 2009 hlaut Björgun leyfi til að taka 200.000 rúmmetra af efni við Engey á tíu ára tímabili, til 3. nóvember 2019. Leyfið var bundið við efnistökusvæði sem er skilgreint í leyfinu (leyfisnúmer OS-2009-L018-01). Við leyfisveitinguna leit Orkustofnun m.a. til mats á umhverfisáhrifum vegna efnistöku í Kollafirði og álits Skipulagsstofnunar þess efnis frá 20. nóvember 2008. Björgun fullnýtti heimildir sínar samkvæmt leyfinu og nam 200.000 rúmmetra úr Engeyjarnámu á leyfistímanum.

Á árinu 2019 stóð Björgun fyrir rannsóknum og mælingum á lausum jarðefnum í Kollafirði á grundvelli leyfis frá Orkustofnun, dags. 31. maí 2019 (leyfisnúmer OS-2019-L006-01). Tilgangurinn var að afla gagna vegna nýrra leyfisumsókna í Kollafirði. Notast var við fjölgeislamælingar sem eru mun nákvæmari nú en þegar efnismagnið var síðast metið árið 2008. Niðurstöður rannsókna sýna fram á að mun meira efnismagn er að finna í Engeyjarnámu en áður var talið (*sjá fylgiskjal nr. 1*).

Fyrir á þessu ári hlaut Björgun leyfi Orkustofnunar til töku á 125.000 rúmmetrum af efni af hafsbotni úr Engeyjarnámu innan sömu marka og leyfið frá 2009 gerði ráð fyrir. Gildistími þess leyfis er tíu ár. Fyrir liggur að þessi viðbót er ekki háð mati á umhverfisáhrifum, sbr. ákvörðun Skipulagsstofnunar þess efnis frá 22. nóvember 2019 (*sjá fylgiskjal nr. 2*).

Að auki sækir Björgun nú um leyfi til töku á umtalsvert meira magni af efni af hafsbotni við Engey, nánar tiltekið samtals 1.646.000 rúmmetrum – að meðtöldum þeim 125.000 rúmmetrum sem nú þegar hefur fengið leyfi fyrir. Sótt er um leyfið til 30 ára. Gert er ráð fyrir

Því að gildandi leyfi verði felld úr gildi ef umsókn þessi verður samþykkt, enda er núgildandi leyfissvæði innan þeirra marka sem umsókn þessi tekur til.

Hluti þeirrar vinnslu sem áformuð er í Kollafirði verður innan núverandi námumarka en hluti utan þeirra. Af þeim sökum bar að tilkynna hina fyrirhuguðu framkvæmd til Skipulagsstofnunar með hliðsjón af 6. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Hlutverk stofnunarinnar var að skera úr um hvort þörf yrði á nýju umhverfismati eða hvort breytingin rúmaðist innan fyrirliggjandi umhverfismats vegna Kollafjarðar frá árinu 2008.

Í tengslum við athugasemdir sem fram komu í umsagnarferli hjá Skipulagsstofnun óskaði Björgun eftir því að Vegagerðin uppfærði öldulíkan fyrir Kollafjörðinn á sjávarbotni. Vegagerðin skilaði niðurstöðum sínum í skýrslu, dags 27. maí 2020 (*sjá fylgiskjal nr. 3*). Í skýrslunni er lagt mat á áhrif efnistöku í þremur námusvæðum á hafsbotni Kollafjarðar, þ.e. við Engey, á Saltvík og á Þerneyjarsundi. Metið var hvort líkur séu á því að efnistakan valdi auknu landbroti, umfram það landbrot sem á sér stað við núverandi aðstæður. Helstu niðurstöður eru að breytingar á ölduhæð við efnistöku Björgunar á fyrrgreindum námusvæðum á hafsbotni í Kollafirði eru innan marka í öllum tilvikum.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar um matsskyldu lá síðan fyrir 9. júní sl. og samkvæmt henni er framkvæmdin „ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.“ Framkvæmdin er því ekki háð nýju mati á umhverfisáhrifum (*sjá fylgiskjal nr. 4*).

III.

Lýsing á námu og fyrirhugaðri framkvæmd

Með vísan til laga nr. 73/1990 sem og leiðbeininga Orkustofnunar vegna umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á, í eða undir hafsbotni, verður hér gerð grein fyrir þeim upplýsingum sem fram þurfa að koma í umsókn. Við gerð umsókna var tekið tillit til ábendinga sem Orkustofnun setti fram í umsögn til Skipulagsstofnunar í maí 2020 og í bréfum til Björgunar 27. október og 26. nóvember sl.


1. Tegund leyfis	Nýtingarleyfi, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1990
2. Lýsing námu	<p>Flatarmál áætlaðs vinnslusvæðis er 92,9 ha og vinnsludýpi verður um 15-27 m. Nánari afmörkun á námu má sjá á meðfylgjandi korti. (<i>fylgiskjal nr. 5</i>).</p> <p>Björgun gerir ráð fyrir að núgildandi leyfi vegna Engeyjarnámu verði felld niður ef Orkustofnun samþykkir umsókn þessa.</p>
3. Gerð auðlindar sem á að vinna	<p>Á botni Kollafjarðar er að finna grunnsævisset í mynd malarhjalla og -granda. Þetta grófa set hefur Björgun unnið af hafsbotni undanfarna áratugi.</p> <p>Almennar upplýsingar um efnið er að finna í <i>fylgiskjali nr. 1</i> með umsókn („<i>Geological Survey Memo</i>“) þar sem finna má helstu rannsóknar-niðurstöður vegna fyrirhugaðrar efnistöku í Kollafirði. Í samræmi við rannsóknarleyfi sem Orkustofnun veitti Björgun var rannsóknin framkvæmd með</p>

	<p>fjölgeisla mælingum en ekki eiginlegri sýnatöku. Því liggja ekki fyrir nýrri upplýsingar um kornastærð en tilgreindar eru í umræddu fylgiskjali. Samkvæmt fjölgeisla mælingum er útbreiðsla setlaga við Engey í samræmi við kort í <i>fylgiskjali</i> 7. Það kort byggir á niðurstöðum fjölgeisla mælinga. Um er að ræða tvö efnislög sem talin eru henta til efnistöku og nemur mögulegt efnismagn 1.646.000 m³, sem er það efnismagn sem sótt er um í þessari umsókn.</p> <p>Samkvæmt matsskýrslu vegna efnistöku í Kollafirði eru kornastærðir í Engeyjarnámu 1,2 d⁴ 5¹⁵, 4,6 d₅₀ og 16,0 d₈₅ (<i>fylgiskjal nr. 6</i>). Samkvæmt skilgreiningu í matsskýrslu er sandur í Kollafirði á bilinu 0,06 mm til 2 mm og möl frá 2 mm til 60 mm. Eins og lesa má úr <i>töflu 2.2</i> á bls. 42 í matsskýrslunni eru botnefni í námum Björgunar í Kollafirði að langstærstum hluta mól með litlu hlutfalli af grófum sandi. Venjulegur sandur er með meðalkornastærð d₅₀ = 0,2 mm.</p> <p>Verði þess óskað sérstaklega er hægt að uppfæra upplýsingar um kornastærð og kornastærðardreifingu í kjölfar útgáfu nýrra leyfa, þegar dæling og vinnsla hefst að nýju.</p>
<p>4. Tilgangur framkvæmdar</p>	<p>Tilgangur Björgunar með nýtingu námunnar er fyrst og fremst að afla hráefnis til vinnslu á fylliefnum í malbik, steypu og annarrar mannvirkjagerðar.</p>
<p>5. Hnitamörk vinnslusvæðis</p>	<p>Staðar- og hnitmörk eru afmörkuð í meðfylgjandi töflu og hnitsettum uppdrætti af svæðinu.</p>
<p>6. Hvenær starfsemi skal hefjast og hvenær henni skuli lokið</p>	<p>Starfsemi getur hafist mjög fljótlega eftir að leyfið fæst útgefið.</p> <p>Björgun vinnur nú að gerð nýs athafnasvæðis á Álfsnesi. Sú uppbygging er þó háð því að leyfi til efnistöku af hafsbotni til langs tíma liggi fyrir.</p> <p>Sótt er um leyfi til 30 ára frá og með gildistöku, sbr. heimild í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1990.</p>
<p>7. Fyrirhuguð not</p>	<p>Efni úr Engeyjarnámu telst hágæðaefni sem hentar einkar vel til framleiðslu á fylliefnum fyrir mannvirkjagerð þar sem gerðar eru strangar kröfur. Þar af leiðandi hyggst Björgun fyrst og fremst nýta efnið til framleiðslu fylliefna í steypu og malbik og annarra sambærilegra nota.</p> <p>Björgun hefur hag af því að nýta efnið á sem hagkvæmastan máta og því stendur ekki til að nýta hágæðaefni í landfyllingar. Hafa ber í huga að efni</p>

	getur verið misgott innan svæðisins. Lakara efni kann því að vera nýtt í landfyllingar.
8. Áætlað efnismagn	1.646.000 rúmmetrar.
9. Öryggis- og umhverfisráðstafanir, eins og við á	Í starfsemi Björgunar er leitast við að fylgja öllum gildandi reglum um ráðstafanir vegna öryggis og umhverfis.

Virðingarfyllst,

f.h. Björgunar ehf.



Guðjón Ármannsson, hrl.

Með umsókninni eru sex fylgiskjöl:

- 1) Samantekt um helstu rannsóknarniðurstöður vegna fyrirhugaðrar efnistöku Björgunar í Kollafirði („*Geological Survey Memo*“), dags. 22. janúar 2020.
- 2) Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, dags. 22. nóvember 2020.
- 3) Vegagerðin: „Efnistaka af hafsbotni í Kollafirði – Öldufar og mat á hættu á landbroti“, dags. 27. maí 2020
- 4) Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, dags. 9. júní 2020.
- 5) Hnitaskrá og kort frá Mannviti verkfræðistofu með hnitsettum mörkum vinnslusvæðis sem sótt er um.
- 6) Mannvit verkfræðistofa og Jarðfræðistofa Kjartans Thors ehf.: *Efnistaka af hafsbotni í Kollafirði, Faxaflóa. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla.* Október 2008.
- 7) Útbreiðsla setlaga samkvæmt fjölgeislamælingum í Kollafirði árið 2019.

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. desember 2020
Tilvísun: OS2020060041/50.4.3
Verknúmer: 3340300

Efni: Beiðni um umsögn um umsókn Björgunar ehf. um leyfi til efnistöku af hafsbotni utan netlaga í Saltvík í Kollafirði

Þann 22. júní 2020 sótti Björgun ehf. um leyfi til efnistöku af hafsbotni á skilgreindu svæði utan netlaga í Saltvík í Kollafirði, Faxaflóa, með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins (hafsbotnslög). Björgun hefur leyfi Orkustofnunar til töku á allt að 400.000 m³ á umræddu svæði, en það leyfi rennur út 29. júní 2021 (leyfi OS-2009-L011-03). Fyrirtækið hefur þó einungis unnið tæpa 10.000 m³ á gildistíma leyfisins. Rannsóknir fyrirtækisins á lausum jarðefnum í Kollafirði árið 2019 sýndu fram á að umtalsvert meira efnismagn er að finna í Saltvík en áður var talið. Björgun sækir nú um frekari efnistöku, en efnistökusvæði er óbreytt frá núverandi leyfi. Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu þann 9. júní 2020, að aukið umfang efnistöku í Saltvík væri ekki matsskylt skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Orkustofnun staðfesti móttöku umsóknarinnar með bréfi dags. 22. október 2020 en gerði nokkrar athugasemdir við umsóknina. Var þess farið á leit við fyrirtækið að það sendi inn nýja uppfærða umsókn með þeim úrbótum sem tilgreindar voru í bréfinu. Eftir nokkur samskipti milli aðila sendi Björgun ehf. inn nýja heildstæða umsókn þann 30. nóvember 2020.

Með uppfærðri umsókn bárust Orkustofnun sex fylgiskjöl:

- (1) Samantekt um helstu rannsóknarniðurstöður um laus jarðefni í Kollafirði
- (2) Greinargerð Vegagerðarinnar um öldufar og mat á hættu á landbroti vegna efnistöku af hafsbotni í Kollafirði
- (3) Ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 9. júní 2020, um matsskyldu breytinga á efnistökusvæðum Björgunar í Kollafirði
- (4) Hnit og kort af umsóttu efnistökusvæði við Saltvík
- (5) Matsskýrsla vegna efnistöku af hafsbotni í Kollafirði, Faxaflóa frá október 2008
- (6) Kort af útbreiðslu setlaga samkvæmt fjölgeisla mælingum í Kollafirði.

Orkustofnun hefur farið yfir svo uppfærða umsókn Björgunar ehf. og telur hana uppfylla viðmið og kröfur um áframhald máls.

Enda þótt Reykjavíkurborg sé hvorki lögbundinn umsagnaraðili né aðili máls, telur Orkustofnun rétt að gefa sveitarfélaginu kost á að veita umsögn um meðfylgjandi erindi m.t.t. hlutverks þess.

Óskað er eftir því að umsögnin berist Orkustofnun eigi síðar en fimmtudaginn 31. desember 2020. Berist umsögn ekki innan tilskilins frests lítur stofnunin svo á að athugasemdir séu ekki gerðar við umsóknina.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur

Meðfylgjandi:

Umsókn Björgunar ehf.
Aðgengi að fylgiskjölum veitt með tölvupósti til umsagnaraðila

Afrit: Björgun ehf.

Umsagnaraðilar:

- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Hafrannsóknastofnun
- Samgöngustofa
- Fiskistofa
- Reykjavíkurborg
- Faxaflóahafnir
- Veitur ehf.

Orkustofnun
b.t. Kristjáns Geirssonar, verkefnisstjóra
Orkugarði, Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 2020

Uppfært skjal 30. nóvember 2020

Efni: Umsókn um leyfi til efnistöku af hafsbotni í Saltvíkurnámu í Kollafirði

I. Inngangur

Umbjóðandi minn, Björgun ehf. („**Björgun**“), óskar hér með eftir leyfi til efnistöku af hafsbotni úr Saltvíkurnámu í Kollafirði, Faxaflóa, með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

II. Forsaga leyfisumsóknar

Björgun hefur nýtt námuna í Saltvík síðan 1970. Náman liggur skammt undan Brimnesi, í Kollafirði. Tilgangur efnistökkunnar hefur einkum verið sá að afla hráefnis til vinnslu á fylliefnum í steypu og malbik. Efnistakan er gerð með holudælingu frá sérstökum dæluskipum.

Með leyfi Orkustofnunar frá 29. júní 2009 hlaut Björgun leyfi til að taka allt að 400.000 rúmmetra af efni úr Saltvíkurnámu á tíu ára tímabili, til 1. júlí 2019 (leyfisnúmer OS-2009-L011-01). Við leyfisveitinguna leit Orkustofnun m.a. til mats á umhverfisáhrifum vegna efnistöku í Kollafirði og álits Skipulagsstofnunar þess efnis frá 20. nóvember 2008. Að beiðni Björgunar framlengdi Orkustofnun leyfi til efnistöku í Saltvík til eins árs, þ.e. til 29. júní 2020, með sömu skilmálum og í upphaflegu leyfi. Þrátt fyrir að hafa leyfi til töku á 400.000 rúmmetrum úr námunni hefur Björgun einungis unnið 9.600 rúmmetra úr Saltvíkurnámu á leyfistímabilinu 2009-2020. Ástæðan fyrir lítilli efnistöku úr námunni er sú að mikið hefur safnast af grófu efni og grjóti á yfirborð holunnar. Þar af leiðandi hefur dæling úr Saltvíkurnámu gengið hægar en á öðrum svæðum. Verði umsókn þessi samþykkt mun Björgun þurfa að hreinsa grófa efnið af yfirborðinu til að auðvelda áframhaldandi dælingu. Slík hreinsun færi fram með gröfupramma. Efnistakan mun þó fara fram með sömu aðferðum og áður, þ.e. með holudælingu.

Á árinu 2019 stóð Björgun fyrir rannsóknnum og mælingum á lausum jarðefnum í Kollafirði á grundvelli leyfis frá Orkustofnun, dags. 31. maí 2019 (leyfisnúmer OS-2019-L006-01). Tilgangurinn var að afla gagna vegna nýrra leyfisumsókna í Kollafirði. Notast var við fjölgeislamælingar sem eru mun nákvæmari nú en þegar magnið var síðast metið árið 2008. Niðurstöður rannsókna sýna fram á að mun meira efnismagn er að finna í Saltvíkurnámu en áður var talið (*fylgiskjal nr. 1*).

Á grundvelli hinna nýju mælinga sækir Björgun nú um leyfi til töku á 713.000 rúmmetrum af efni af hafsbotni úr Saltvíkurnámu innan sömu marka og í leyfinu frá 2009. Sótt er um leyfið til

30 ára. Í aðdraganda þessarar umsóknar tilkynnti Björgun fyrirhugaða framkvæmd til Skipulagsstofnunar með hliðsjón af 6. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Hlutverk stofnunarinnar var að skera úr um hvort þörf yrði á nýju umhverfismati eða hvort breytingin rúmaðist innan fyrirbyggjandi umhverfismats vegna Kollafjarðar frá árinu 2008.

Í tengslum við athugasemdir sem fram komu í umsagnarferli hjá Skipulagsstofnun óskaði Björgun eftir því að Vegagerðin uppfærði öldulíkan fyrir Kollafjörðinn á sjávarbotni. Vegagerðin skilaði niðurstöðum sínum í skýrslu, dags 27. maí 2020 (*fylgiskjal nr. 2*). Í skýrslunni er lagt mat á áhrif efnistöku í þremur námusvæðum á hafsbotni Kollafjarðar, þ.e. við Engey, á Saltvík og á Þerneyjarsundi. Metið var hvort líkur séu á því að efnistakan valdi auknu landbroti, umfram það landbrot sem á sér stað við núverandi aðstæður. Helstu niðurstöður eru að breytingar á ölduhæð við efnistöku Björgunar á fyrrgreindum námusvæðum á hafsbotni í Kollafirði eru innan marka í öllum tilvikum. Í þessu sambandi er einnig rétt að taka fram að Björgun sækir um leyfið í Saltvíkurnámu innan sömu marka og ákveðin voru við leyfisveitinguna árið 2009 en við þá afmörkun tók Orkustofnun tillit til hugsanlegs strandrofs.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar um matsskyldu lá fyrir 9. júní sl. og samkvæmt henni er framkvæmdin „ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.“ Framkvæmdin er því ekki háð nýju mati á umhverfisáhrifum (*fylgiskjal nr. 3*).

III.

Lýsing á námu og fyrirhugaðri framkvæmd

Með vísan til laga nr. 73/1990 sem og leiðbeininga Orkustofnunar vegna umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á, í eða undir hafsbotni, verður hér gerð grein fyrir þeim upplýsingum sem fram þurfa að koma í umsókn. Við gerð umsóknar var tekið tillit til ábendinga sem Orkustofnun setti fram í umsögn til Skipulagsstofnunar í maí 2020 og í bréfum til Björgunar 27. október og 26. nóvember sl.


1. Tegund leyfis	Nýtingarleyfi, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1990
2. Lýsing námu	Náman liggur skammt undan Brimnesi og Saltvík. Vinnsludýpi er um 5-20 m. Efnisgryfjan er um 31,4 ha.
3. Gerð auðlindar sem á að vinna	Um er að ræða malarefni á hafsbotni sem einkum yrði nýtt til framleiðslu fylliefna í steypu og malbik auk annarrar mannvirkjagerðar, svo sem í fyllingar. Á botni Kollafjarðar er að finna grunnsævisset í mynd malarhjalla og -granda. Þetta grófa set hefur Björgun unnið af hafsbotni undanfarna áratugi. Almennar upplýsingar um efnið er að finna í fylgiskjali nr. 1 með umsókn („ <i>Geological Survey Memo</i> “) þar sem finna má helstu rannsóknar-niðurstöður vegna fyrirhugaðrar efnistöku í Kollafirði. Í samræmi við rannsóknarleyfi sem Orkustofnun veitti Björgun var rannsóknin framkvæmd með fjölgeislaáælingum en ekki eiginlegri sýnatöku. Því eru ekki til nýrri og nákvæmari upplýsingar um

	<p>kornastærð í umræddu fylgiskjali. Samkvæmt fjölgeislamælingum er útbreiðsla setlaga við Saltvík í samræmi við kort í <i>fylgiskjali</i> 6. Það kort byggir á niðurstöðum fjölgeislamælinga. Um er að ræða fjögur svæði sem talin eru henta til efnistöku og nemur mögulegt efnismagn um 713.000 m³, sem er það efnismagn sem sótt er um í þessari umsókn.</p> <p>Samkvæmt matsskýrslu vegna efnistöku í Kollafirði (<i>fylgiskjal nr. 5</i>) eru kornastærðir í Saltvíkurnámu 0,5 d⁴ 15⁵, 4,3 d₅₀ og 16,5 d₈₅. Samkvæmt skilgreiningu er sandur í Kollafirði á bilinu 0,06 mm til 2 mm og mül frá 2 mm til 60 mm. Eins og lesa má úr <i>töflu</i> 2.2 á bls. 42 í matsskýrslunni eru botnefni í nánum Björgunar í Kollafirði að langstærstum hluta mül með litlu hlutfalli af grófum sandi. Venjulegur sandur er með meðalkornastærð d₅₀ = 0,2 mm.</p> <p>Verði þess óskað sérstaklega er hægt að uppfæra upplýsingar um kornastærð og kornastærðardreifingu í kjölfar útgáfu nýrra leyfa, þ.e. þegar dæling og vinnsla hefst að nýju.</p>
<p>4. Tilgangur framkvæmdar</p>	<p>Tilgangur Björgunar með nýtingu námunnar er fyrst og fremst að afla hráefnis til vinnslu á fylliefnum í malbik, steypu og aðra mannvirkjagerð.</p>
<p>5. Hnitamörk vinnslusvæðis</p>	<p>Staðar- og hnitmörk eru afmörkuð í meðfylgjandi töflu og hnitsettum uppdrætti af svæðinu. (<i>fylgiskjal nr. 4</i>).</p>
<p>6. Hvenær starfsemi skal hefjast og hvenær henni skuli lokið</p>	<p>Starfsemi getur hafist mjög fljótlega eftir að leyfið fæst útgefið.</p> <p>Björgun vinnur nú að gerð nýs athafnasvæðis á Álfsnesi. Sú uppbygging er þó háð því að leyfi til efnistöku af hafsbotni til langs tíma liggi fyrir.</p> <p>Sótt er um leyfi til 30 ára frá og með gildistöku, sbr. heimild í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1990.</p>
<p>7. Fyrirhuguð not</p>	<p>Efni úr Saltvíkurnámu telst almennt vera hágæðaefni sem hentar einkar vel til framleiðslu á fylliefnum fyrir mannvirkjagerð þar sem gerðar eru strangar kröfur. Þar af leiðandi hyggst Björgun fyrst og fremst nýta efnið til framleiðslu fylliefna í steypu og malbik og annarra sambærilegra nota.</p> <p>Björgun hefur hag af því að nýta efnið á sem hagkvæmastan máta og því stendur ekki til að nýta hágæðaefni í landfyllingar. Hafa ber í huga að efni</p>

	getur verið misgott innan svæðisins. Lakara efni kann því að vera nýtt í landfyllingar.
8. Áætlað efnismagn	713.000 rúmmetrar.
9. Öryggis- og umhverfis-ráðstafanir, eins og við á	Í starfsemi Björgunar er leitast við að fylgja öllum gildandi reglum um ráðstafanir vegna öryggis og umhverfis.

Virðingarfyllst,

f.h. Björgunar ehf.



Guðjón Ármannsson hrl.

Með umsókninni eru þrjú fylgiskjöl:

- 1) Samantekt um helstu rannsóknarniðurstöður vegna fyrirhugaðrar efnistöku Björgunar í Kollafirði („*Geological Survey Memo*“), dags. 22. janúar 2020.
- 2) Vegagerðin: „Efnistaka af hafsbotni í Kollafirði – Öldufar og mat á hættu á landbroti“, dags. 27. maí 2020.
- 3) Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, dags. 9. júní 2020.
- 4) Hnitaskrá og kort frá Mannviti verkfræðistofu með hnitsettum mörkum vinnslusvæðis sem sótt er um.
- 5) Mannvit verkfræðistofa og Jarðfræðistofa Kjartans Thors ehf.: *Efnistaka af hafsbotni í Kollafirði, Faxaflóa. Mat á umhverfisáhrifum. Matskýrsla*. Október 2008.
- 6) Útbreiðsla setlaga samkvæmt fjölgeislamælingum í Kollafirði árið 2019.

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. desember 2020
Tilvísun: OS2020060040/50.4.3
Verknúmer: 3340300

Efni: Beiðni um umsögn um umsókn Björgunar ehf. um leyfi til efnistöku af hafsbótnei utan netlaga í Þerneyjarsundi í Kollafirði

Þann 22. júní 2020 sótti Björgun ehf. um leyfi til efnistöku af hafsbótnei á skilgreindum svæðum í Þerneyjarsundi í Kollafirði, Faxaflóa, með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins (hafsbotslög). Björgun hefur unnið efni úr tveimur námum á hafsvæðinu milli Þerneyjar og Geldinganes um árabíl, sbr. leyfi Orkustofnunar dags. 29. júní 2009 og 3. nóvember 2009 (leyfi OS-2009-L011-01 og OS-2009-L018-01). Rannsóknir fyrirtækisins á lausum jarðefnum í Kollafirði árið 2019 sýndu fram á að umtalsvert meira efnismagn er að finna á sundinu en áður var talið. Björgun sækir nú um frekari efnistöku, að hluta til utan við fyrri efnistökusvæði. Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu þann 9. júní 2020, að breytt mörk efnistökusvæða og aukið umfang efnistöku á Þerneyjarsundi væru ekki matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Orkustofnun staðfesti móttöku umsóknarinnar með bréfi dags. 22. október 2020 en kom á framfæri nokkrum ábendingar við einstök atriði í umsókninni. Var fyrirtækinu gefinn kostur á að senda inn nýja uppfærða umsókn með þeim úrbótum sem tilgreindar voru í bréfinu. Eftir nokkur samskipti milli aðila sendi Björgun ehf. inn nýja heildstæða umsókn þann 30. nóvember 2020.

Með uppfærðri umsókn bærust Orkustofnun sex fylgiskjöl:

- (1) Samantekt um helstu rannsóknarniðurstöður um laus jarðefni í Kollafirði
- (2) Greinargerð Vegagerðarinnar um öldufar og mat á hættu á landbroti vegna efnistöku af hafsbótnei í Kollafirði
- (3) Ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 9. júní 2020, um matsskyldu breytinga á efnistökusvæðum Björgunar í Kollafirði
- (4) Hnit og kort af umsóttum efnistökusvæðum á Þerneyjarsundi
- (5) Matsskýrsla vegna efnistöku af hafsbótnei í Kollafirði, Faxaflóa frá október 2008
- (6) Kort af útbreiðslu setlaga samkvæmt fjölgeislaáælingum í Kollafirði.

Orkustofnun bendir á að í svo uppfærðri umsókn hefur svæðisafmörkunum verið breytt lítillga frá því sem var við umfjöllun Skipulagsstofnunar um matsskyldu breytinga á efnistökusvæðum í Kollafirði, að ósk Orkustofnunar. Ástæða þessa er að stofnunin taldi að svo óregluleg svæðisafmörkun gæti ekki staðið sem leyfissvæði til efnistöku skv. hafsbotslögum þar sem utanumhald og eftirlit með staðsetningu efnistöku hverju sinni yrði óframkvæmanlegt. Orkustofnun kom þessari athugasemd á framfæri við Skipulagsstofnun í matsskylduferli. Umsótt efnismagn er í samræmi við umfjöllun Skipulagsstofnunar og lítur Orkustofnun því svo á að umsókn Björgunar sé innan þeirra marka sem ákvörðun Skipulagsstofnunar kveður á um.

Orkustofnun hefur farið yfir svo uppfærða umsókn Björgunar ehf. og telur hana uppfylla viðmið og kröfur um áframhald máls.

Enda þótt Reykjavíkurborg sé hvorki lögbundinn umsagnaraðili né aðili máls, telur Orkustofnun rétt að gefa sveitarfélaginu kost á að veita umsögn um meðfylgjandi erindi m.t.t. hlutverks þess.

Óskað er eftir því að umsögnin berist Orkustofnun eigi síðar en fimmtudaginn 31. desember 2020. Berist umsögn ekki innan tilskilins frests lítur stofnunin svo á að athugasemdir séu ekki gerðar við umsóknina.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur

Meðfylgjandi:

Umsókn Björgunar ehf.
Aðgengi að fylgiskjöllum veitt með tölvupósti til umsagnaraðila

Afrit: Björgun ehf.

Umsagnaraðilar:

- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Hafrannsóknastofnun
- Samgöngustofa
- Fiskistofa
- Reykjavíkurborg
- Faxaflóahafnir
- Veitur ohf.

Orkustofnun
b.t. Kristjáns Geirssonar, verkefnisstjóra
Orkugarði, Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 2020

Uppfært skjal 30. nóvember 2020

Efni: Umsókn um leyfi til efnistöku af hafsbotni á Þerneyjarsundi í Kollafirði

I. Inngangur

Umbjóðandi minn, Björgun ehf. („**Björgun**“), óskar hér með eftir leyfi til efnistöku af hafsbotni úr Þerneyjarnámu og Leiruvogsnámu á Þerneyjarsundi í Kollafirði, Faxaflóa, með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt Íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

II. Forsaga leyfisumsóknar

Björgun hefur um árabíl unnið efni úr tveimur námum á Þerneyjarsundi. *Annars vegar* er um að ræða Þerneyjarnámu sem hefur verið nýtt frá árinu 1989 og *hins vegar* Leiruvogsnámu sem hefur verið nýtt frá árinu 1985. Tilgangur efnistökkunnar hefur einkum verið sá að afla hráefnis til vinnslu á fylliefnum í steypu og malbik. Efnistakan er gerð með holudælingu frá sérstökum dæluskipunum.

Með leyfi Orkustofnunar frá 29. júní 2009 hlaut Björgun leyfi til að taka allt að 320.000 rúmmetra af efni úr **Þerneyjarnámu** á tíu ára tímabili, til 1. júlí 2019 (leyfisnúmer OS-2009-L011-01). Við leyfisveitinguna leit Orkustofnun m.a. til mats á umhverfisáhrifum vegna efnistöku í Kollafirði og álits Skipulagsstofnunar þess efnis frá 20. nóvember 2008. Að beiðni Björgunar framlengdi Orkustofnun leyfi til efnistöku í Þerneyjarnámu til eins árs, þ.e. til 29. júní 2020, með sömu skilmálum og í upphaflegu leyfi. Björgun hefur unnið 260.000 rúmmetra úr **Þerneyjarnámu** á leyfistímabilinu 2009-2020.

Með leyfi Orkustofnunar frá 3. nóvember 2009 hlaut Björgun leyfi til að taka allt að 100.000 rúmmetra af efni úr **Leiruvogsnámu** á tíu ára tímabili, til 3. nóvember 2019 (leyfisnúmer OS-2009-L018-01). Við leyfisveitinguna leit Orkustofnun m.a. til mats á umhverfisáhrifum vegna efnistöku í Kollafirði og álits Skipulagsstofnunar þess efnis frá 20. nóvember 2008. Á gildistíma leyfisins vann Björgun 5.000 rúmmetra af efni úr námunni.

Á árinu 2019 stóð Björgun fyrir rannsóknum og mælingum á lausum jarðefnum í Kollafirði á grundvelli leyfis frá Orkustofnun, dags. 31. maí 2019 (leyfisnúmer OS-2019-L006-01). Tilgangurinn var að afla gagna vegna nýrra leyfisumsókna í Kollafirði. Notast var við fjölgeislamælingar sem eru mun nákvæmari nú en þegar efnismagnið var síðast metið árið 2008. Niðurstöður rannsókna sýna m.a. fram á að mun meira efnismagn er að finna í framangreindum námum en áður var talið (*fylgiskjal nr. 1*).

Á grundvelli hinna nýju mælinga sækir Björgun nú um leyfi til töku á samtals 715.000 rúmmetrum af efni af hafsbotni úr Þerneyjarnámu og Leiruvogsnámu. Hingað til hafa námurnar verið skilgreindar sem tvö aðskilin svæði í leyfum og í umhverfismati. Björgun telur þó rétt að tala um Þerneyjarsund sem eitt framkvæmdasvæði, þó með tveimur námum. Sótt er um leyfið til 30 ára.

Í aðdraganda þessarar umsóknar tilkynnti Björgun fyrirhugaðar framkvæmdir fyrirtækisins í Kollafirði til Skipulagsstofnunar með hliðsjón af 6. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Hlutverk stofnunarinnar var að skera úr um hvort þörf yrði á nýju umhverfismati eða hvort breytingin rúmaðist innan fyrirbyggjandi umhverfismats vegna Kollafjarðar frá árinu 2008.

Í tengslum við athugasemdir sem fram komu í umsagnarferli hjá Skipulagsstofnun óskaði Björgun eftir því að Vegagerðin uppfærði öldulíkan fyrir Kollafjörðinn á hafsbotni. Vegagerðin skilaði niðurstöðum sínum í skýrslu, dags 27. maí 2020 (*fylgiskjal nr. 2*). Í skýrslunni er lagt mat á áhrif efnistöku í þremur námusvæðum á hafsbotni Kollafjarðar, þ.e. við Engey, á Saltvík og á Þerneyjarsundi. Metið var hvort líkur séu á því að efnistakan valdi auknu landbroti, umfram það landbrot sem á sér stað við núverandi aðstæður. Helstu niðurstöður eru að breytingar á ölduhæð við efnistöku Björgunar á fyrrgreindum námusvæðum á hafsbotni í Kollafirði eru innan marka í öllum tilvikum.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar um matsskyldu lá síðan fyrir 9. júní sl. og samkvæmt henni er framkvæmdin „ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.“ Framkvæmdin er því ekki háð mati á umhverfisáhrifum (*fylgiskjal nr. 3*).

III.

Lýsing á námu og fyrirhugaðri framkvæmd

Með vísan til laga nr. 73/1990 sem og leiðbeininga Orkustofnunar vegna umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á, í eða undir hafsbotni, verður hér gerð grein fyrir þeim upplýsingum sem fram þurfa að koma í umsókn. Við gerð umsóknar var tekið tillit til ábendinga sem Orkustofnun setti fram í umsögn til Skipulagsstofnunar í maí 2020 og í bréfum til Björgunar 27. október og 26. nóvember sl.


1. Tegund leyfis	Nýtingarleyfi, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1990
2. Lýsing námu	<p>Áætlað vinnslusvæði á svæði 1 er 6,8 ha., svæði 2 er 2,8 ha., svæði 3 er 3,7 ha., svæði 4 er 6,3 ha, svæði 5 er 1,7 ha og svæði 6 er 1,0 ha. Samtals er vinnslusvæðið 22,4 ha. Vinnsludýpi um 5-20 m.</p> <p>Nánari afmörkun má sjá á meðfylgjandi korti (<i>fylgiskjal nr. 4</i>).</p>
3. Gerð auðlindar sem á að vinna	<p>Á botni Kollafjarðar er að finna grunnsævisset í mynd malarhjalla og -granda. Þetta grófa set hefur Björgun unnið af hafsbotni undanfarna áratugi.</p> <p>Almennar upplýsingar um efnið er að finna í <i>fylgiskjali nr. 1</i> með umsókn („<i>Geological Survey Memo</i>“) þar sem finna má helstu rannsóknar-</p>

	<p>niðurstöður vegna fyrirhugaðrar efnistöku í Kollafirði. Í samræmi við rannsóknarleyfi sem Orkustofnun veitti Björgun var rannsóknin framkvæmd með fjölgeislamælingum en ekki eiginlegri sýnatöku. Því eru ekki nýrri og námkvæmari upplýsingar um kornastærð í umræddu fylgiskjali. Samkvæmt fjölgeislamælingum er útbreiðsla setlaga í Þerneyjarsundi í samræmi við kort í <i>fylgiskjali 6</i>. Það kort byggir á niðurstöðum fjölgeislamælinga. Um er að ræða sex svæði sem talin eru henta til efnistöku og nemur mögulegt efnismagn um 715.000 m³, sem er það efnismagn sem sótt er um í þessari umsókn.</p> <p>Samkvæmt matsskýrslu vegna efnistöku í Kollafirði (<i>fylgiskjal nr. 5</i>) eru kornastærðir í <i>Þerneyjarnámu</i> 1,0 d⁴ 15⁵, 4,8 d₅₀ og 17,0 d₈₅ og kornastærðir í <i>Leiruvogsnámu</i> eru 1,2 d⁴ 15⁵, 6,0 d₅₀ og 25,0 d₈₅. Samkvæmt skilgreiningu er sandur í Kollafirði á bilinu 0,06 mm til 2 mm og mül frá 2 mm til 60 mm. Eins og lesa má úr <i>töflu 2.2</i> á bls. 42 í matsskýrslunni eru botnefni í námum Björgunar í Kollafirði að langstærstum hluta mül með litlu hlutfalli af grófum sandi. Venjulegur sandur er með meðalkornastærð d₅₀ = 0,2 mm.</p> <p>Verði þess óskað sérstaklega er hægt að uppfæra upplýsingar um kornastærð og kornastærðardreifingu í kjölfar útgáfu nýrra leyfa, þ.e. þegar dæling og vinnsla hefst að nýju.</p>
<p>4. Tilgangur framkvæmdar</p>	<p>Tilgangur Björgunar með nýtingu námunnar er fyrst og fremst að afla hráefnis til vinnslu á fylliefnum í malbik og steypu.</p>
<p>5. Hnitamörk vinnslusvæðis</p>	<p>Staðar- og hnitmörk eru afmörkuð í meðfylgjandi töflu og hnitsettum uppdrætti af svæðinu, sjá <i>fylgiskjal nr. 4</i>.</p>
<p>6. Hvenær starfsemi skal hefjast og hvenær henni skuli lokið</p>	<p>Starfsemi getur hafist mjög fljótlega eftir að leyfið fæst útgefið.</p> <p>Björgun vinnur nú að gerð nýs athafnasvæðis á Álfsnesi. Sú uppbygging er þó háð því að leyfi til efnistöku af hafsbotni til langs tíma liggi fyrir.</p> <p>Sótt er um leyfi til 30 ára frá og með gildistöku, sbr. heimild í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1990.</p>
<p>7. Fyrirhuguð not</p>	<p>Efni af hafsbotni á Þerneyjarsundi telst hágæðaeefni sem hentar einkar vel til framleiðslu á fylliefnum fyrir mannvirkjagerð þar sem gerðar eru strangar kröfur. Þar af leiðandi hyggst Björgun fyrst og fremst nýta</p>

	<p>efnið til framleiðslu fylliefna í steypu og malbik og annarra sambærilegra nota.</p> <p>Björgun hefur hag af því að nýta efnið á sem hagkvæmasta máta og því stendur ekki til að nýta hágæðaefni í landfyllingar. Hafa ber í huga að efni getur verið misgott innan svæðisins. Lakara efni kann því að vera nýtt í landfyllingar.</p>
8. Áætlað efnismagn	715.000 rúmmetrar.
9. Öryggis- og umhverfisráðstafanir, eins og við á	Í starfsemi Björgunar er leitast við að fylgja öllum gildandi reglum um ráðstafanir vegna öryggis og umhverfis.

Virðingarfyllst,

f.h. Björgunar ehf.



Guðjón Ármannsson, hrl.

Með umsókninni eru þrjú fylgiskjöl:

- 1) Samantekt um helstu rannsóknarniðurstöður vegna fyrirhugaðrar efnistöku Björgunar í Kollafirði („*Geological Survey Memo*“), dags. 22. janúar 2020.
- 2) Vegagerðin: „Efnistaka af hafsbotni í Kollafirði – Öldufar og mat á hættu á landbroti“, dags. 27. maí 2020.
- 3) Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, dags. 9. júní 2020.
- 4) Hnitaskrá og kort frá Mannviti verkfræðistofu með hnitsettum mörkum vinnslusvæðis sem sótt er um.
- 5) Mannvit verkfræðistofa og Jarðfræðistofa Kjartans Thors ehf.: *Efnistaka af hafsbotni í Kollafirði, Faxaflóa. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla*. Október 2008.
- 6) Útbreiðsla setlaga samkvæmt fjölgeislamælingum í Kollafirði árið 2019.